

Greinargerð breyting rekstrarleyfis FE-1171a og FE-1171b

1. Almennt

Háafell ehf. (kt. 520199-3149), Hnífsdalsbryggja, 410 Hnífsdal hefur rekstrarleyfi (FE-1171a og FE-1171b) vegna sjókvíaeldis á 6.800 tonna hámarkslífmassa af frjóum og ófrjóum lax í sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi. Fyrirtækið sótti um breytingu á rekstrarleyfunum, FE-1171a og FE-1171b, þann 15. september 2021 en breytingin felur í sér að bæta við regnbogasilung sem tegund.

Sjókvíasvæði Háafells ehf. í Ísafjarðardjúpi eru fjórar; Sjókvíaeldissvæði A inniheldur eldissvæðin Álftafjörð, Innra Kofradýpi, Ytra Kofradýpi og Seyðisfjörð. Sjókvíaeldissvæði B inniheldur eldissvæðin Bæjarhlíð og Kaldalón. Sjókvíaeldissvæði C inniheldur eldissvæðin Biskupsvík, Hamar og Vatnsfjarðarnes. Sjókvíaeldissvæði D inniheldur eldissvæðið Skötufjörð. Ekki er heimilt að vera með frjóan lax á sjókvíaeldissvæðum B og C.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun auglýsti tillögu að breytingu á rekstrarleyfi á tímabilinu 18. mars 2022 til 15. apríl 2022 skv. 10 gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og barst engin athugasemd vegna tillögunnar.

2. Afstaða Matvælastofnunar

Framkvæmd Háafells ehf. í Ísafjarðardjúpi var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 15. febrúar 2021. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar matsskyldu til Skipulagsstofnunar þann 3. mars 2021. Í umsögninni kemur fram að stofnunin telji ekki tilefni til að umrædd framkvæmd fari í gegnum mat á umhverfisáhrifum þar sem hún er ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa verulega óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og stroki. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 3. maí 2021 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna rekstrarleyfis Háafells ehf. kemur fram að fyrir liggja álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum af 6.800 tonna eldi regnbogasilungs í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells frá árinu 2015 og álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum af 6.800 tonna laxeldi í Ísafjarðardjúpi á vegum fyrirtækisins frá árinu 2020. Fram kemur að fyrirhuguð breyting á tilhögun eldis í Ísafjarðardjúpi feli ekki í sér breytingu á heildarlífsmassa, eldisstaðsetningum, eldisaðferðum eða eldisšķilyrðum frá því sem gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum í fyrrnefndu 6.800 tonna laxeldi fyrirtækisins. Einungis er sótt um leyfi til að ala regnbogasilung samhliða eða í staðinn fyrir ófrjóan eða frjóan lax.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldi Háafells ehf., eldistegund eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðisáhrifa. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Háafells ehf. í Ísafjarðardjúpi er í samræmi við tilkynnta framkvæmd. 3. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um breytingu á rekstrarleyfum (FE-1171a og FE-1171b) Háafells ehf. í Ísafjarðardjúpi. Rekstrarleyfin heimila 6.800 tonna hámarkslífmassa á laxi (frjóum og ófrjóum) og regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi. Rekstrarleyfin ná til kynslóðaskipts sjókvíeldis í Ísafjarðardjúpi á tíu staðsetningum. Sjókvíeldissvæði A inniheldur eldissvæðin Álftafjörð, Innra Kofradýpi, Ytra Kofradýpi og Seyðisfjörð, sjókvíeldissvæði B inniheldur eldissvæðin Bæjarhlíð og Kaldalón, sjókvíeldissvæði C inniheldur eldissvæðin Biskupsvík, Hamar og Vatnsfjarðarnes og sjókvíeldissvæði D inniheldur eldissvæðið Skötufjörð. Ekki er heimilt að vera með frjóan lax á sjókvíeldissvæðum B og C.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfin taka gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíeldisstöðvar er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Samhliða útgáfu og gildistöku á breyttum rekstrarleyfum fellur 7.000 tonna rekstrarleyfi FE-1106 úr gildi. Þar sem um breytingu á rekstrarleyfi er að ræða þá helst gildistími leyfisins óbreyttur í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi. Rekstrarleyfið gildir til 25. júní 2037.

Neskaupstaður, 22. apríl 2022